

## AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Tyrklands.

### I. KAFLI.

#### Skilyrði fyrir sérstakri tollmeðferð.

*Almenn skilyrði.*

1. gr.

Ákvæði fríverslunarsamnings ríkja fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrkland tekur til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Tyrklands hins vegar. Hann tekur ekki til viðskipta EFTA-ríkjanna innbyrðis nema að slíkt sé sérstaklega tekið fram. Ákvæði auglýsingar þessarar taka þ.a.l. einungis til viðskipta á milli Íslands og Tyrklands.

2. gr.

Eftirfarandi vörur sem fluttar eru inn frá Tyrklandi skulu njóta tollfrelsis að uppfylltum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25-97 í Tollskrá í viðauka I við tollalög að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka fríverslunarsamningsins. Ennfremur eru undanskildar þær vörur sem heimilt er að leggja á fjáröflunartolla, skv. VI. viðauka og bókun A í samningnum, að því marki sem slíkir tollar eru lagðir á upprunavörur frá EFTA og EB.
2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, sbr. 4. tl. bókunar A við fríverslunarsamninginn. Þó skulu undanskildar þær vörur sem heimilt er að leggja á tolla og fjáröflunartolla, skv. lista 1 og 2 í töflu VII við bókun A í fríverslunarsamningnum, að því marki sem slíkir tollar eru lagðir á upprunavörur frá EFTA og EB. Tollfrjálsar vörur skv. þessum tölulið eru tilgreindar í lista I við þessa reglugerð. Heimilt er að leggja á vörur í lista I verðjöfnunargjald er tekur mið af mismunandi kostnaði milli landbúnaðarhráefnis, sem notað er í vörur þessar. Heimilt er að jafna á þennan hátt mismunandi hráefnaverð á innlendum markaði og heimsmarkaði.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir í lista II við þessa reglugerð.
4. Landbúnaðarvörur skv. tvíhliða samningi Íslands og Tyrklands um landbúnaðarmál, sbr. lista III við þessa reglugerð.

*Upprunareglur og sönnun uppruna.*

3. gr.

Það er skilyrði fyrir fríðindameðferð samkvæmt samningi þessum að vörurnar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um uppruna í bókun B við fríverslunarsamning EFTA- ríkjanna og Tyrklands eða eftir því sem við á kröfur um uppruna sem gerðar eru í Viðauka II við tvíhliða samning Íslands og Tyrklands um landbúnaðarmál.

4. gr.

Upprunavörur í skilningi bókunar B og Viðauka II, sbr. 3. gr., geta við innflutning notið fríðinda gegn framvísun þeirra flutningsskilríkja og yfirlýsinga er greinir í 9.-17. gr. Auglýsingar nr. 404/1987 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EB). Skilyrði framan- greindra ákvæða auglýsingar nr. 404/1987, svo og 22. gr. hennar, skulu eftir því sem við getur átt gilda um tollmeðferð samkvæmt auglýsingu þessari. Ennfremur skulu gilda um tollmeðferðina reglur nr. 270/1988 um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vöruheikningi

um uppruna vöru svo og um sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EB.

### Útflutningur

#### 5. gr.

Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð veita upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Tyrklands taka til. Tollyfirvöld veita útflytjendum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir um útgáfu flutningsskilríkja og yfirlýsinga vegna útflutnings til Tyrklands. Upplýsingar veittar af tolyfirvöldum eru því aðeins bindandi að þeirra sé óskað skriflega og þær veittar á sama hátt.

Um bókhaldslega aðgreiningu efnivara sem notaðar eru til framleiðslu upprunavara, í skilningi fríverslunarsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrklands og í skilningi tvíhliða samnings um landbúnaðarmál, skulu gilda efnisákvæði auglýsingar nr. 560/1983 um bókhaldslega aðgreiningu efnivara sem notaðar eru til framleiðslu vara af EFTA- og EBE- uppruna.

### Gildistaka

#### 6. gr.

Auglýsing þessi er sett er samkvæmt heimild í 1. tl. 6.gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 og öðlast gildi frá og með 1. september 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1992.*

**Friðrik Sophusson.**

*Bjarnveig Eiríksdóttir.*

Listi I.

### Vörur úr landbúnaðarhráefnum sem samkvæmt 2. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar.

Vörur sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, njóta tollfrelsis skv. ákvæðum fríverslunarsamningsins, sbr. þó heimild til álagningar verðjöfnunargjalda:

0403.1001	1806.3109	1901.2009
0403.1003	1806.3201	1901.9000
0403.9001	1806.3202	
0403.9003	1806.3203	1902.1100
	1806.3209	1902.1900
1702.5000	1806.9002	1902.2009
1702.9004	1806.9003	1902.3000
	1806.9004	1902.4000
1704.1000	1806.9005	
1704.9001	1806.9006	<b>1903</b>
1704.9003	1806.9009	<b>1904</b>
1806.2009	1901.1000	1905.1000
1806.3101	1901.2001	1905.2000

1905.3011	2101.1001	2106.1000 - 2106.9042
1905.3019	2101.2001	
1905.3091	2101.3000	<b>2202</b>
1905.3099		
1905.4000	2102.1000	<b>2203</b>
	2102.2001	
úr 2001.9009*	2102.3001	2204.2101
	2102.3009	2204.2901
úr 2005.4000*		
úr 2005.5900*	2103.9001	<b>2205</b>
2005.8000		
úr 2005.9000*	2104.1001	<b>2208</b>
	2104.1004	
2008.9202	2104.1009	

\*

úr 2001.9001 sykurmaís  
 úr 2005.4000 úr ertum eingöngu  
 úr 2005.5900 úr belgbaunamjöli eingöngu  
 úr 2005.9000 úr matjurtamjöli eða með franskar kartöflur að megininnihaldi.

## Listi II.

**Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem samkvæmt 3. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar.**

Vörur sem flokkast í eftirfarandi tollskránum og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, njóta tollfrelsis skv. ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001	1603.0001	2301.2016
0208.9002	1603.0002	2301.2017
<b>0301</b>	1603.0003	2301.2019
<b>0302</b>		2301.2021
<b>0303</b>	<b>1604</b>	2301.2022
<b>0304</b>	<b>1605</b>	2301.2023
<b>0305</b>		2301.2029
<b>0306</b>	2301.1001	
<b>0307</b>	2301.2011	2309.9001
	2301.2012	
<b>1504</b>	2301.2013	
	2301.2014	
1516.1001	2301.2015	

## Listi III.

**Landbúnaðarvörur sem samkvæmt 4. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar.**

Eftirfarandi vörur, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, njóta tollfrelsis við innflutning til Íslands í samræmi við tvíhliða samning Íslands og Tyrklands um landbúnaðarmál:

0703.1000	0809.1000	2008.6009
0703.2000	0809.2000	2008.7001
	0809.3000	2008.7009
0708.1000	0809.4000	2008.8001
0708.2000		2008.8009
0708.9000	0810.1000	2008.9201
	úr 0810.9000*	2008.9209
0709.7000		2008.9901
0709.9002	0811.1001	2008.9909
0709.9003	0811.1009	
0710.2100	úr 0811.9001*	2009.1101
0710.2200	úr 0811.9009*	2009.1109
0710.8001		2009.1901
0710.8002	0813.1000	2009.1909
0711.1000	0813.2000	2009.2001
0711.2000	0813.3000	2009.2009
	0813.4000	2009.3001
0713.2000	0813.5000	2009.3009
0713.3100		2009.5001
0713.4000	1509.1000	2009.5009
0713.5000	1509.9000	2009.6001
		2009.6009
0802.1200	úr 2004.9000*	2009.7001
0802.2200		2009.7009
0802.3200	2005.4000	2009.8001
0802.5000	2005.5100	2009.8009
	2005.7000	2009.9001
0804.2000	úr 2005.9000*	2009.9009
0805.1000		
0805.2000		
0805.3001	úr 2007.9900*	
0805.3009		
0805.4000	2008.1100	
	2008.1900	
0806.1000	2008.3001	
0806.2001	2008.3009	
0806.2009	2008.5001	
	2008.5009	
0807.1000	2008.6001	
0808.1000		
0808.2000		

\*

úr 0810.9000	Granatepli
úr 0811.9001	Kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og vínber.
úr 0811.9009	Kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og vínber
úr 2004.9000	Grænar og svartar ólífur, belgaldin og grænar ertur
úr 2005.9000	Pistilhjórtu
úr 2007.9900	Heslihnetudeig og valhnetudeig